

Reykjavík 20. mars 2024


Umsögn Blaðamannafélags Íslands um drög að tillögu til þingsályktunar um fjölmiðlastefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla til 2030 nr. S-70/2024

Helstu áherslur:

- BÍ fagnar því að stjórnvöld staðfesti með fjölmiðlastefnunni mikilvægi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og lýsi því um leið yfir að nauðsynlegt sé að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að tryggja að hér fái þrífist öflugir, sjálfstæðir fjölmiðlar.
- Tvöfalda þarf upphæð styrkja til einkarekinna miðla til þess að standast samanburð við hin Norðurlöndin og fámennis Íslands. Þeir ættu að vera 700 milljónir árlega.
- Ríkið á ekki að kaupa auglýsingar hjá erlendum miðlum og fullt gangsaði á að ríkja um öll auglýsingakaup hins opinbera, ekki bara kaup yfir 10 milljónum.
- Blaðamannafélagið styður áform að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði, líkt og einkareknu miðlarnir hafa kallað eftir, en leggur jafnframt lagt áherslu á að tekjutapið verði bætt upp, svo tryggt verði að Ríkisútvarpið verði enn sem áður sú öfluga stofnun og mikilvægi fjölmiðill sem hann er í dag.
- Til viðbótar við aðgerðir í þingsályktunartillögunni þarf að skoða hvort framfylgd upplýsingalaga sé sem skyldi, þannig að þau uppfylli markmið sitt um að styrkja aðhald fjölmiðla að stjórnvöldum.

Í tillögu að fjölmiðlastefnu og aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla fyrir árin 2024-30, sem lögð var fram í samráðsgátt stjórnvalda í dag birtist sú framtíðarsýn stjórnvalda að „fólk hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum, ábyrgum og sjálfstæðum fjölmiðlum sem miðla fréttum, samfélagsumræðu og menningu.“ Í stefnunni segir einnig að meginmarkmið stjórnvalda á sviði fjölmiðlunar sé að viðhalda og efla lýðræðislega umræðu og lýðræðisþátttöku hér á landi með því að auka fjölbreytni, gagnsæi og fjölræði í fjölmiðlum. Þá er stefnt að því að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að öflugri fjölmiðlun í almannapágu með virkri þátttöku ólíkra og fjölbreyttra fjölmiðla um allt land.

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að stjórnvöld staðfesti með þessum hætti mikilvægi fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og lýsi því um leið yfir að nauðsynlegt sé að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að tryggja að hér fái þrífist öflugir, sjálfstæðir fjölmiðlar. Þetta er mikilvægur áfangi í þeirri vegferð sem



BLÁÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

framundan er við endurreisn íslenskra fjölmiðla, sem undanfarin ár hafa glímt við óeðlilega samkeppni við erlenda tæknirisa um auglýsingatekjur og horft upp á markaðshrun. Við erum ekki eina þjóðin sem þarf að horfast í augu við gjörbreyttar forsendur fyrir rekstri fréttamiðla, fækkun blaðamanna og gjaldþrot fjölmiðlafyrirtækja. Við erum hins vegar ein sú minnsta, og með tungumál sem afar fáir tala, og því eru áhrifin hér enn meiri en víða annars staðar, og afleiðingarnar eftir því.

Vakning víða um heim

Sem betur fer virðast vestræn ríki í auknum mæli gera sér grein fyrir því að á meðan þessu umbreytingaskeiði stendur þurfa fréttamiðlar stuðning. Nú standa víða yfir samningaviðræður við tæknirisana Google og Facebook, um greiðslur til fréttamiðla vegna efnis sem deilt er á samfélagsmiðlum. Upphæðirnar sem hagfræðingar hafa fundið út að tæknirisarnir skuldi fréttamiðlum eru gígantískar. Samkvæmt nýlegum útreikningum ættu fyrirtækin tvö að greiða bandarískum fjölmiðlum 12 milljarða dollara árlega, fyrir dreifingu á höfundarvörðu efni þeirra. Út frá höfðatölu myndi það reiknast sem svo að íslenskir fréttamiðlar ættu að fá greitt um einn og hálfan milljarð króna árlega frá Facebook og Google. Þeir samningar sem fyrirtækin hafa gert við fréttamiðla, t.a.m. í Ástralíu og Kanada, eru trúnaðarmál, en sérfræðingar telja að upphæðirnar séu aðeins brot af því sem réttlátt væri gagnvart fréttamiðlum. En þangað til tæknirisarnir fara að borga, og á meðan ástandið er jafn ósjálfbært og raun ber vitni, þurfa stjórnvöld að stíga upp og grípa til allra tiltækra aðgerða til stuðnings fréttamiðlum.

Styrkir til einkarekinna miðla allt of lágir

Í drögum að fjölmiðlastefnu eru settar fram 29 aðgerðir og áherslur. 10 þeirra miðast við að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla.

- **Tvöfalda þarf styrki til einkarekinna miðla:**

Sú fyrsta er að festa í sessi rekstrarstyrki til einkarekinna miðla (Markmið 1.a). Áætlað er að styrkirnir nemi 367,2 milljónum árlega, sem er lægri upphæð en greitt hefur verið til einkarekinna fjölmiðla undanfarin ár. Upphæðin er hins vegar umtalsvert lægri en hinar Norðurlandabjóðirnar verja til beinna styrkja til einkarekinna miðla, að undanskildu Finnlandi, þar sem slíkt kerfi er ekki við lýði. Svíar eru með hæstu styrkina miðað við höfðatölu, um 40 prósentum hærri en Íslendingar. Miðað við Svíana ættu styrkir hér að vera um 150 milljónum hærri á ári, um 520 milljónir, en að sjálfsögðu ættum við að vera enn hærri, því ástandið hér er enn viðkvæmara sökum smæðar. 700 milljónir árlega eru að mati Bládamannafélagsins ekki fjarri lagi.

- **Fella ætti niður allt tryggingagjald, ekki aðeins hluta þess:**

Önnur tillaga stjórnvalda miðast við að einkareknum miðlum verði veitt tímabundin undanþága frá greiðslu 70% tryggingagjalds. Í skýrslunni er áætlað að aðgerðin geti sparað fjölmiðlum 250 milljónir árlega, sem er umtalsvert upphæð í samanburði við rekstrarstyrki, sem munar talsvert um til viðbótar inn í rekstur íslenskra fréttamiðla. Hins vegar er ekki að finna neinn rökstuðning eða útskýringar á því hvers

vegna einungis 70% af tryggingagjaldinu skuli fellt niður, en ekki 100%, sem við köllum að sjálfsgöðu eftir.

- **Þróunarstyrkir fréttamiðla mikilvægir:**

Blaðamannafélagið fagnar einnig tillögum um rannsóknar- og þróunarsjóð fyrir fjölmiðla, sem Blaðamannafélagið hefur lengi kallað eftir. Í tillögunni er margt óljóst um áherslur og skilgreiningar skortir en mikilvægt er að fréttamiðlar geti fengið styrki úr sjóðnum til hvers kyns nýrra verkefna, óháð nýsköpunarvægi þeirra heldur einungis á grundvelli þess að fréttamiðillinn er að reyna sig áfram með nýjungar í sínum rekstri eða þjónustu. Það er til að mynda lítið nýsköpunargildi í hlaðvarpsgerð, en kjósi fréttamiðill að gera tilraunir með þá miðlunarleið ætti hann að fá styrk til þess, að mati BÍ. Annað dæmi er endurnýjun á vef miðils, sem sjóður sem þessi ætti sjálfsgöðu að styrkja.

- **Styðjum áform um að skoða lagasetningu um greiðslur tæknirisa til fjölmiðla:**

Þá er einnig að finna tillögu um að ráðist verði í lagabreytingu til að tryggja að fjölmiðlar fái aukinn hlut í þeim fjárhagslegu verðmætum sem skapast við stafræna dreifingu fréttæfnis á erlendum samfélagsmiðlum og leitarvélum. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun ESB, en félagið telur að líta ætti til annarra ríkja, svo sem Ástralía, sem samþykktu lög sem skylduðu tæknirisana og fréttamiðla til að semja um greiðslur frá samfélagsmiðlum til fréttamiðlanna. Þó svo að upphæðirnar hafi ekki verið gefnar upp hefur samningurinn haft veruleg jákvæð áhrif á rekstur fréttamiðla í Ástralíu og störfum í stéttinni hefur fjölgað. Við teljum fyllilega þörf á að skoða kosti og galla slíkrar lagasetningar og möguleg áhrif á íslenska fréttamiðla. Við leggjum hins vegar áherslu á að þessari aðgerð verði flýtt sem auðið er, því hagsmunirnir eru miklir.

Þá fögnum við því að leita skuli leiða til að auka hlut innlendra fjölmiðla vegna verðmæta við dreifingu fréttæfnis á erlendum samfélagsmiðlum og leitarvélum og höfundaréttatilskipun ESB nr. 2019/790 verði innleidd. Ennfremur er mikilvægt, að mati félagsins, að gripið skuli til aðgerða til að sporna gegn tekjutapi fjölmiðla vegna höfundarréttabrota sem framin eru í atvinnuskyni.

- **Þjónustuskattur á alþjóðlega tæknirisa mikilvægur:**

Þá er því lýst að stjórnvöld ætli að móta tillögur að stafrænum þjónustuskatti á tekjur alþjóðlegra tæknirisa. Ísland er í samfloti með 140 OECD ríkjum um reglugerð, sem vonandi lítur dagsins ljós fyrir árslok. Þó svo að ekki komi fram hve gera megi ráð fyrir hárrí upphæð í aukna skattheimtu, eru sterk rök sem mæla með því að sú upphæð renni beint til innlendra fréttamiðla, til leiðréttingar samkeppnisskekkju vegna yfirburðastöðu þessara erlendu risa á markaði.

- **RÚV af auglýsingamarkaði:**

Loks ber að nefna tillögu um að draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði til þess að jafna megi samkeppnisstöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkismiðlinum. Blaðamannafélagið hefur lengi talað fyrir því að RÚV verði tekið af auglýsingamarkaði, líkt og einkareknu miðlarnir hafa kallað eftir, en jafnframt lagt áherslu á að tekjutapið verði bætt upp, svo tryggt verði að Ríkisútvarpið verði enn sem áður sú öflugasta stofnun og mikilvægi fjölmiðill sem hann er í dag. Til samanburðar skal nefna að framlög ríkisins á hvern íbúa til almannaþjónustumiðlanna á hinum Norðurlöndunum er álíka og hér í Danmörku og Svíþjóð en nokkuð hærri í Finnlandi og enn hærri í Noregi. Vegna fámennis hér ættu framlög á hvern íbúa að vera hæst hér á landi, til að tryggja að stofnunin geti sinnt hinu mikilvæga hlutverki sínu í

samfélaginu – og því réttlætanlegt út frá þeim samanburði að bæta RÚV upp tapið sem það verður fyrir verði auglýsingasala RÚV gerð óheimil.

Í tillögunum kemur fram að skipaður verði vinnuhópur sem leggi fram tillögur að útfærslum fyrir lok maí. Fyrir en þær tillögur liggja fyrir er ekki hægt að leggja mat á hvernig ná megi þeim markmiðum sem settar eru fram í aðgerðaáætlun stjórnvalda, að tryggja vandaða og aðgengilega fjölmöðlaþjónustu í almannabágu. Hins vegar er mikilvægt, líkt og fram kemur, að breyta þurfi fyrirkomulagi fjármögnunar RÚV með þeim hætti að ekki sé hægt að beita fjárveitingum til að hafa áhrif á ritstjórnarlegar ákvarðanir eða ógna sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Þá telur félagið jákvætt að RÚV verði falið að leita leiða til að efla samstarf við staðbundna fjölmiðla á landsbyggðinni og auka þjónustu á svæðum þar sem engin eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi. Mikilvægt er að félagið og landsbyggðarmiðlarnir hafi aðkomu að því að útfæra þessa aðgerð. Þá er áriðandi að greina hin svokölluðu skuggasvæði.

- **Ríkið á ekki að kaupa auglýsingar af erlendum miðlum:**

Þá vill Bláamannafélagið nefna auglýsingakaup hins opinbera, sem félagið hefur lengi gert athugasemdir við. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að ríkisstofnanir sem verja meira en 10 milljónum í auglýsingar á ári skuli gera grein fyrir því hvernig því fjármagni er varið. Bláamannafélagið gerir alvarlegar athugasemdir við þessa tillögu. Í fyrsta lagi ætti hún að ná til allra ríkisstofnana, sama hversu lágri upphæð þær verja til auglýsinga. Og í öðru lagi ættu stjórnvöld að setja skilyrðislausar takmarkanir á auglýsingum frá hinu opinbera í erlendum miðlum. Það skýtur mjög skökku við að ríkið sé að styrkja fréttamiðla með beinum hætti í formi styrkja og skattaávilnana vegna þess að erlendir tæknirisar hafa sogað til sín stóran hluta alls auglýsingafjár – á meðan ríkið er sjálft að kaupa auglýsingar hjá umræddum tæknirisum. Það er fullkomlega óeðlilegt að stjórnvöld séu að verja fjármunum í auglýsingar hjá fyrirtækjum sem greiða enga skatta hér á landi, né leggja neitt af mörkum til samfélagsins.

- **Stuðningur við tal og textun jákvæður:**


Bláamannafélagið styður áform um að tal og textun myndefnis fyrir börn hjá einkareknum fjölmiðlum verði styrktur enda leiðréttir það samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum.

- **BA-nám í blaðamennsku mikilvægt:**

Félagið fagnar því að stjórnvöld ætli að styrkja nám í blaðamennsku hér á landi, en félagið hefur beitt sér fyrir því á undanförunum árum að hér verði tekið upp BA-nám í blaðamennsku, líkt og finna má í öllum þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Mikilvægt er að námsleiðin fái öflugan stuðning, svo hún fari vel af stað, því fagmenntun blaðamanna er mun minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Aukin menntun í faginu eflir stéttina og fagmennsku.

- **Tryggja þarf að farið sé að lögum um höfundarétt við notkun gervigreindar og samið verði um höfundaréttargreiðslur:**

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að nýta skuli gervigreind til uppbyggingar á máltæknilausnum, þ.á.m. sjálfvirkri textun í rauntíma á Íslensku. Bláamannafélagið áréttar að tryggja þarf greiðslur til



BLÁÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

bláðamanna og fjölmiðla fyrir efni sem gervigreindarforrit nýta. Þá leggur félagið til að farið verði í skoðun á því hvort setja þurfi reglur um notkun gervigreindar í fjölmiðlum.

Aðgerðir til styrktar fjölmiðlafrelsi og réttindum bláðamanna mikilvægar

Í þingsályktunartillögunni er sérstaklega fjallað um aðgerðir sem ætlað er að styrkja fjölmiðlafrelsi hér á landi og fagnar Bláðamannafélagið því mikilvæga framtaki, sérstaklega hvað varðar áform um lagabreytingar til að tryggja flýtimeðferð í málum þar sem bláða- og fréttamenn eru til rannsóknar og til að auka vernd bláðamönnum gegn tilhæfulausum málsóknum.

- Ráðast þarf strax í lagabreytingar til verndar bláðamönnum:

Mikil og brýn þörf er að ráðast sem fyrst í lagabreytingar til að tryggja flýtimeðferð í málum þar sem bláða- og fréttamenn eru til rannsóknar og til að auka vernd bláðamönnum gegn tilhæfulausum málsóknum, enda hafa fimm íslenskir bláðamenn haft réttarstöðu grunaðra í rúm tvö ár vegna rannsóknar embættis lögreglunnar á Norðurlandi eystra fyrir það eitt að hafa stundað bláðamennsku.

- Upplýsingalögum ekki framfylgt sem skyldi:

Eitt af því sem er verulega ábótavant í íslenskri stjórnslu er að upplýsingalög séu túlkuð út frá réttindum almennings til upplýsinga. Reynsla bláðamanna er sú að opinberir embættismenn neiti beiðni bláðamanna um aðgang að upplýsingum mun oft en tilefni er til. Allt of oft neyðist bláðamenn til að leita til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem hefur óskilgreindan frest til að afgreiða mál og því líða oft margir mánuðir frá því að bláðamenn óska upplýsinga og þar til þeir fá þær afhentar í kjölfar úrskurðar nefndarinnar. Að mati Bláðamannafélagsins er brýnt að láta fara fram skoðun á því hvort upplýsingalögunum sé framfylgt með sama hætti og tíðkast hjá hinum Norðurlandabjórðunum og í framhaldi grípa til aðgerða til þess að tryggja að þau uppfylli markmið sín, að gryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna, meðal annars í þeim tilgangi að styrkja aðhald fjölmiðla og almenning að stjórnvöldum og möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni.

Fyrir hönd Bláðamannafélags Íslands,

Sigríður Dögg Auðunsdóttir

Formaður Bláðamannafélags Íslands